

7. grein - Skátafélög



Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á **7. grein** um **Skátafélög**

7. grein - Skátafélög

Í 7. grein laga er fjallað um ný eða endurvakin félög. Við viljum skerpa hvenær félögin og meðlimir þeirra teljast fullgildir meðlimir BÍS. Þriðja málsgrein er svohljóðandi:

Núverandi grein:

....

Innganga skátafélags í BÍS skal formlega staðfest á Skátaþingi og öðlast hún **gildi í lok þess þings**.

...

Lagt er til að málsgreinin verði eftirfarandi:

...

Innganga skátafélags í BÍS skal formlega staðfest á Skátaþingi og öðlast hún **þegar gildi**. Frá stofnun félagsins og fram að afgreiðslu Skátaþings á beiðni um inngöngu, hafa meðlimir félagsins aðild að BÍS í samræmi við 2. grein þessara laga, að því tilskyldu að stjórn BÍS hafi samþykkt stofnun þess.

...

Flutningsaðili:

Stjórn BÍS